



## Áframhaldandi hóflegur vöxtur einkaneyslu



*Verulega hefur hægt á vexti einkaneyslu frá árinu 2017 samhliða hægari kaupmáttaraukningu launa. Við gerum ráð fyrir að einkaneysla vaxi áfram hóflega á yfirstandandi ári og á árinu 2020 en að vöxturinn verði heldur kraftmeiri á seinni hluta spátímabilsins.*

Einkaneysla jókst um 2,3% á fyrsta fjórðungi þessa árs og 2,2% á öðrum ársfjórðungi. Þetta var minnsti vöxtur einkaneyslu síðan á fyrsta ársfjórðungi 2014. Það hefur því hægt verulega á vexti einkaneyslu og hún þróast nú í auknum mæli í takt við kaupmáttarþróun launa. Kaupmáttur launa jókst um 2,5% milli ára á fyrsta ársfjórðungi og 1,9% á öðrum fjórðungi ársins, en frá upphafi árs 2017 hefur vöxtur einkaneyslu verið meiri en vöxtur kaupmáttar. Vöxtur einkaneyslu helst því betur í hendur við vöxt kaupmáttar sem bendir til þess að einstaklingar og fjölskyldur hugi nú í ríkara mæli að sparnaði og eyði ekki um efni fram. Kaupmáttur launa jókst um 1,2% milli ára á þriðja ársfjórðungi sem bendir til þess að vöxtur einkaneyslu verði áfram hóflegur næstu mánuði.

### Hægir á kortaveltu

Upplýsingar um kortaveltu benda einnig til þess að verulega hafi hægt á neyslu. Á þriðja fjórðungi ársins jókst veltan aðeins um 0,2% milli ára sem er minnsti vöxtur innan ársfjórðungs síðan á fyrsta fjórðungi 2013. Velta í verslunum innanlands á föstu verðlagi jókst um 1,1% en erlendis dróst veltan saman um 2,9% á föstu gengi. Til samanburðar var vöxturinn á þriðja ársfjórðungi í fyrra 15,4% erlendis og 4,4% í verslunum innanlands.

Á sama tíma og hægt hefur á kortaveltu hefur samsetning veltunnar tekið ákveðnum breytingum. Frá því á vormánuðum hefur mælst samdráttur í kortaveltu Íslendinga erlendis miðað við sömu mánuði árið áður sem skýrist m.a. af færri utanlandsferðum Íslendinga. Einnig hefur orðið breyting á samsetningu innleðrarr kortaveltu. Eldsneytiskaup og útgjöld tengd viðhaldi bifreiða hafa dregist saman sem gæti verið vísbending um að





bílaflotinn sé að yngjast en einnig að fólk sé í auknum mæli að nýta sér aðra orkugjafa en eldsneyti til að knýja bifreiðar.

### Samdráttur í sölu nýrra bíla

S ala nýrra bíla hefur dregist verulega saman upp á síðkastið. Á fyrri helmingi árs mældist samdráttur upp á 17% að raunvirði milli ára, samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum, og hefur veltan minnkað samfleytt frá því á vormánuðum 2018. Vera má að landsmenn haldi að sér höndum þegar kemur að bílakaupum en einnig gæti verið að margir hafi nýlega fest kaup á bíl. Velta í bílasölu var mjög mikil fyrir nokkrum árum og jókst til að mynda um 52% milli ára á seinni hluta árs 2015. Það ber að hafa í huga að bílaleigur eru hér meðtaldar og minni velta er því einnig tilkomin vegna fækkunar ferðamanna.

### Minna flutt inn af neysluvörum

Á fyrstu 8 mánuðum árs dróst verðmæti innfluttra neysluvara saman um 6% sem er enn önnur vísbending um minni neyslu. Mestu munar um innflutning á hálf-varanlegum neysluvörum, svo sem fatnaði, sem skýra 5% stig af samdrættinum. Þetta er talsverð breyting miðað við þróun síðustu ára. Árið 2016 jókst innflutningur neysluvara til dæmis um 22%.


### Mat á núverandi stöðu betri en framtíðarhorfur

Væntingavísitala Gallup bendir til þess að í september séu nánast jafn margir hjartsýnir og svartsýnir á efnahags- og atvinnuástandið. Væntingar hafa þokast örlítið upp á við frá því í sumar og er það helst sökum þess að væntingar til næstu 6 mánaða hafa batnað, en þær eru samt sem áður lægri en mat fólks á núverandi stöðu.

Það er athyglisvert að skoða þróun á annars vegar væntingum til næstu mánaða og hins vegar mat á núverandi stöðu. Frá því í september 2004 fram til mars 2008 voru væntingar til næstu 6 mánaða lægri en mat á núverandi stöðu, sem þótti frekar góð. Að því loknu tók við um 8 ára tímabil frá mars 2008 til mars 2016 þar sem væntingar til næstu 6 mánaða mældust ofar mati fólks á núverandi stöðu, sem þótti heldur slök, enda hagkerfið að vinna sig upp úr miklum samdrætti.


Þetta snérist svo aftur við í mars 2016 þegar núverandi staða þótti betri en framtíðarhorfurnar og hefur það mat verið viðvarandi síðan. Allt frá því í

### Kortavelta




Ársfjórðungsleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.  
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Velta í bílasölu



Velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Sala vélknúinna ökutækja, þó ekki vélhjóra (ISAT nr. 451)  
Velta raunvirt með VNV án húsnæðis.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Innflutningur á neysluvörum og framlag undirliða




Mælt á föstu gengi. Tölur fyrir 2019 ná til fyrstu 8 mánaða ársins.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




mars 2016 hefur fólk talið stöðuna vera góða en jafnframt að hún muni fara versnandi á komandi mánuðum.

### Væntingavísitala Gallup



Mánaðarleg gögn. Fyrsta dags. mars 2001.  
Gildi yfir 100 sýnir að fleiri eru bjartsýnir en svartsýnir  
Heimild: Gallup

### Munur á væntingum til næstu 6 mánaða og mati á núverandi stöðu



Gildi yfir núll merkir að væntingar til næstu 6 mánaða séu meiri en mat á núverandi stöðu.  
Mánaðarleg gögn. Fyrsta dags. mars 2001  
Heimild: Gallup, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.